



Aðalfundur Foreldrafélags Giljaskóla 27.sept 2018

Mættir úr stjórn: Þóra Sigurðardóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir. Fjarverandi- Ingunn Ósk Svavarsdóttir
Tengiliður skóla - Elín Eyjólfssdóttir

Gestir boðnir velkomnir og farið yfir dagskrá kvöldsins.

Reikningar félagsins lagðir fram og samþykktir.

Mikil og þörf umræða um nýju persónuverndarlögin gagnvart innheimtu gjalda í foreldrafélag, stjórn athugar málið.

Mikill áhugi fyrir því hjá foreldrum að hækka gjald í foreldrafélagið úr 1500 kr í 2000 kr og 1000 kr á systkini eftir það. Hækkunin færi í að borga hærri upphæð á barn þegar bekkjarfulltrúar sjá um bekkjarskemmtun.
Ákveðið að hækka gjaldið, samþykkt samhljóða.

Umræða um hverfishátíðina sem haldinn er á Akureyrarvöku. Mikil ánægja með framtakið. Hátíðin fer stækkandi.

Áhugi fyrir því að fá að a.m.k. einn fyrirlestur á ári fyrir foreldra.

Vantar hugmyndir fyrir miðstig - gott að tengja það hreyfingu og hollum lífsstíl, margar skemmtilegar hugmyndir komu fram. T.d. hafa samband við afreks íþróttamenn og fyrrum nemendur Giljaskóla. Prufa að fá hugmyndir frá nemendum.

Guðbjörg sagði frá foreldrarölti - mikil vinna að halda því gangandi en allt til vinnandi.

Guðbjörg gekk úr stjórn og Linda Hafdal kom í hennar stað.

Góður fundur en mæting hefði mátt vera betri.

Fundaritari: Birna S. Baldursdóttir